

13. fundur umhverfis- og skipulagsnefndar haldinn á skrifstofu Langanesbyggðar, Fjarðarvegi 3, Þórshöfn, þriðjudaginn 5. júlí 2011 kl. 12:00.

Mætt: Steinunn Leósdóttir formaður, sem ritaði fundargerð á tölvu, Björgvin Þóroddsson, Jósteynn Hermundsson og Vikar Mór Vífilsson. .

### **Dagskrá:**

1. Bréf barst frá stjórn UMFL, dags. 8 júní, þar sem óskað er eftir svæði undir mótorcrossbraut. Horft er til svæða upp í Hálsi, t.d. innan í og við gömlu malarnámuna eða austan við hálsinn.  
*Samþykkt að skoða svæðið austan við hálsinn.*
2. Bréf barst frá Hrafngerði Ösp Elíasdóttur og Sólrúnu Arney Siggeirsdóttur þar sem óskað er eftir að fá svæðið þar sem olútankarnir voru við Langanesveg til afnota fyrir skátastarf svo sem skátasamkomur, grillaðstöðu og fl.  
*Samþykkt að láta þetta svæði undir skátastarf*
3. Bréf barst frá Þorbjörgu Þorfinnsdóttur þann 30. júní þar sem óskað er eftir því að eitrað verði fyrir kerfli þar sem hann er farinn að breiða mikið úr sér.  
*Samþykkt að láta eyða kerfli þar sem því verður við komið.*

Fleira ekki gert, fundargerðin lesin upp og samþykkt samhljóða.  
Fundu slitið kl. 12:57.